LÖG

30
17. maí

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað 1.—3. málsgr. ákvæða til bráðabirgða í lögunum komi svofelld ákvæði:

Til ársloka 1962 skal árlega haldið á vegum stýrimannaskólans í Reykjavík, ef nægileg þátttaka fæst, eitt námskeið við stýrimannaskólann og tvö námskeið utan Reykjavíkur til undirbúnings prófi, er nefnist hið minna fiskimannapróf. Próf skal haldið á hverjum stað að námskeiði loknu.

Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum, annað hvert ár á hverjum stað.

Námskeið öll og próf skulu að jafnaði haldin á tímabilinu frá byrjun októbermánaðar til loka janúar. Heimilt er að halda námskeiðin á öðrum tímum árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um námskeiðin og prófin, að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Hver sá, sem lokið hefur prófi samkvæmt 1. málsgr., er 21 árs að aldri og fullnægir skilyrðum c.—e.-liða 6. og 8. gr. laga þessara, á rétt á að öðlast skírteini, er heimili honum að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestum.

Enginn getur þó fengið stýrimannsskírteini samkvæmt 5. málsgr. bráðabirgðaákvæða þessara, nema hann hafi eftir 15 ára aldur siglt sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir í 30 mánuði eða hafi verið skipstjóri á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði eða stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði. Enginn getur heldur fengið skipstjóraskírteini samkvæmt 5. málsgr. bráðabirgðaákvæða þessara, nema hann hafi siglt sem stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 12 mánuði.

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum og hafa eftir það verið skipstjórar eða stýrimenn á skipum yfir 30 rúmlestir í 5 ár, er lög þessi öðlast gildi, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1957.

Hermann Jónasson. **Emil Jónsson.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.